



## FIERE Fréttabréf nr. 3

Síðustu mánuði hafa samstarfsaðilar í **FIERE (Furthering Innovative Entrepreneurial Regions of Europe)** verkefninu unnið að þróun og tilraunkennslu á FIERE vinnustofunum (Entrepreneurial and Innovative Skills Training Programme) fyrir starfsmenn fyrirtækja, stofnana, samtaka og sjálfboðaliða. Í öllum 6 þáttökulöndunum hafa verið unnar "case studies" eða dæmi um verkefni eða breytingarferla sem byggja á nýsköpun og nýsköpunarvirkni. Alls voru unnar 7 slíkar greiningar sem voru síðan notaðar sem námsefni á FIERE vinnustofunum.

Fyrstu vinnustofurnar hafa þegar verið haldnar í Búlgaríu, Írlandi og Íslandi og vinnustofur í öðrum þáttökulöndunum verða haldnar í kjölfarið. Lokaráðstefna verkefnisins verður haldin á Írlandi 12. nóvember 2015 þar sem tækifæri gefst til að ræða niðurstöður verkefnisins við hagsmunaaðila frá hinu opinbera, sjálfboðaliðasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum sem starfa í almannabágu.



**Námsskrá fyrir þjálfun í Nýsköpunarvirkni  
má nálgast á heimasíðu verkefnisins**

Yfir 400 starfsmenn frá yfir 200 skipulagsheildum frá Írlandi, Ítalíu, Búlgaríu, Grikklandi, Portúgal og Íslandi tóku þátt í þarfagreiningu FIERE verkefnisins. Byggt á niðurstöðum hennar voru skilgreindir færniþættir sem þjálfaðir yrðu á eftirfarandi FIERE vinnustofunum:

- **Sköpunarkraftur og Nýsköpun:** Skýra mikilvægi skapandi hugsunar fyrir skipulagsheildir. Æfingar og aðferðir til að efla sköpunarkraft og auka nýsköpun innan ólíkra skipulagsheilda.
- **Greinandi hugsun og Útsjónarsemi:** Kynning á mikilvægi greinandi hugsunar; æfingar og dæmi um greinandi hugsun og útsjónarsemi innan ólíkra skipulagsheilda.
- **Seigla og leiðtogafærni:** Skoða hlutverk leiðtogafærni og seiglu innan ólíkra skipulagsheilda og mikilvægi þessara færniþátta fyrir gæði þeirrar þjónustu sem þær veita. Æfingar til að efla leiðtogahæfni og seiglu.

Þjálfunin skiptist í ofangreindar 3 vinnustofur og tekur a.m.k. 8 kennslustundir. Unnar voru handbækur fyrir leiðbeinendur og námsmenn sem og krækjur á ýmiskonar námsefni og kennsluaðferðir. Leiðbeinendum er velkomið að nýta sér það efni.

Lokaúgáfa af handbók leiðbeinenda og námsmanna má hlaða niður á eftirfarandi krækju: The <http://www.fiereproject.eu/index.php/reports/>. Handbækurnar eru á ensku, auk þýðinga á handbók námsmanna á tungumálum þáttökulandanna (íslensku, ítölsku, portúgölsku, búlgörsku og grísku) verða einnig aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins.



## Dæmi um nýsköpunarvirkni "Case Studies"

Í *Best Practice Case Studies* handbókinni eru tekin og greind dæmi um nýsköpunarvirkni hjá stofnunum og fyrirtækjum sem vinna að samfélags- og byggðapróun í þáttökulöndunum. Þessi dæmi nýtast sem námsefni á FIERE vinnustofunum og í útgefnu kennsluefni þeim tengdum. Valdar voru a.m.k. tvær "Case Studies" eða dæmi sem tengdust viðfangsefnum hverrar vinnustofu. Dæmin frá **Íslandi** og **Írlandi** fjalla um hvernig bæta megi þjónustu með sameiningu stofnanna og tengjast vinnstofu um sköpunarkraft og nýsköpun. Átaksverkefni í **Portúgal** sem er frumkvöðlasetur til að efla byggðapróun og í **Búlgaríu** þar sem leitast er við að styðja ungt fólk í að þróa viðskiptahugmyndir sem er dæmi um hvernig má byggja upp leiðtogahæfni og seiglu. Sama má segja um dæmið frá **Ítalíu** en það snýr að sameignarfélagi sem heldur utan um framleiðslu og sölu á hágæða matvöru frá bændum sem nú rækta land sem áður tilheyrði mafíunni. Sveitarfélagið Thermi í **Grikklandi** ákvað að snúa vörn í sókn er kom að óánægju íbúa með því að setja upp samskiptasíðu þar sem íbúar gátu sett inn tillögur að umbótum eða verkefnum, en verkefnið er gott dæmi um greinandi hugsun og útsjónarsemi bæði yfirvalda og íbúa. Sama má segja um ArcLabs Rannsóknna og Nýsköpunarsetrið sem starfrækt er á **Írlandi** þar sem ólíkir aðilar leiða fram krafta sína til að auka nýsköpun og atvinnuþróun tengda hátækni með samstarfi rannsókna og frumkvöðlasetra.

Skýrsluna “Best Practice Innovative Entrepreneurship Case Studies” í heild sinni má finna á: <http://www.fiereproject.eu/index.php/reports/>

## Þjálfun í nýsköpunarvirkni er hafin!

Tipperary County Council (TCC) og Waterford Institute of Technology (WIT) frá suðaustur Írlandi hafa þegar hafið tilraunakennslu eða þjálfun. Góð þátttaka var í vinnustofunum sem haldnar voru hjá WIT þann 29. september 2015. Rúmlega 50 þátttakendur frá ólíkum stofnunum og fyrirtækjum tóku þátt í eins dags þjálfun sem tókst mjög vel, virk þátttaka allra, gagnlegt hópastarf og tækifæri til að víkka út tengslanetið.

Þú getur fengið frekari upplýsingar um tilraunakennsluna á Írlandi hjá:

**Michael Moroney, Tipperary County Council:**  
[michael.moroney@tipperarycoco.ie](mailto:michael.moroney@tipperarycoco.ie)

**Bill O’Gorman, Waterford Institute of Technology:** [WOGORMAN@wit.ie](mailto:WOGORMAN@wit.ie)



**Ítalíu:** var haldin kynningarfundur þann 7. október 2015, þar sem uppbygging þjálfunarinnar var kynnt og “Best Practice Case Studies” skýrslan. FIERE vinnustofurnar verða haldnar í Palermo á næstu vikum; dagsetning hennar miðast við þarfir þeirra fyrirtækja og stofnana sem lýst hafa áhuga sínum á að taka þátt. Ef þú hefur áhuga á vinnustofum í Palermo, hafðu þá samband við: Dorothea Urban, CESIE: [dorothea.urban@cesie.org](mailto:dorothea.urban@cesie.org)



í **Grikklandi**: Allweb Solutions mun skipuleggja vinnustofur sem áætlað er að hefjist í nóvember. Tveggja daga vinnustofur þann 2. og 3. nóvember í borginni Chalkis í samstarfi við samtök verslunar og þjónustu á svæðinu, þann 5. og 6. nóvember verður haldin önnur vinnustofa í sveitarfélaginu Kifissia í (Aþenu). Að lokum verður haldin eins dags vinnustofa 20. nóvember í sveitarfélaginu Thermi (Þessaloníku í Norður Grikklandi).

Frekari upplýsingar um vinnustofurnar í Grikklandi veitir: Joseph Hassid, Allweb Solutions: [jhassid@unipi.gr](mailto:jhassid@unipi.gr)

í **Búlgaríu**: The Institute for Postgraduate Studies (IPS) ákvað að halda tvær eins dags vinnustofur fyrir 25-30 þátttakendur. Báðum vinnustofum er lokið – önnur þann 16. júní 2015, og hin þann 21. október 2015. Samtals tóku um 50 þátt í vinnustofunum frá stofnunum, fyrirtækjum, sjálfbóðaliðasamtökum og félögum sem starfa í almannapágu að svæða- og samfélagsþróun. Á vinnustofunum var lögð áhersla á hagnýt verkefni, hópastarf, umræður um dæmi o.s.frv.

Frekari upplýsingar um vinnustofurnar í **Búlgaríu** veitir: Assoc. Prof. Todor Todorov from IPS: [todorov\\_t@unwe.bg](mailto:todorov_t@unwe.bg).



í **Portúgal**: verða vinnustofurnar haldnar þann 6. nóvember; ACIB mun skipuleggja eins dags vinnustofu og von er á 60-80 þátttakendum. Í upphafi vinnustofunnar verður farið yfir skilgreiningu hugtaka eða fræðilega hluta námskeiðsins og í kjölfarið lögð áhersla á hagnýt verkefni, hópastarf og virka þátttöku..

Frekari upplýsingar veitir: Ana Rita Figueiredo, ACIB:  
[ana.rita@acibarcelos.pt](mailto:ana.rita@acibarcelos.pt)

á **Íslandi**: Einurð mun skipuleggja eins dags vinnustofur í samstarfi við Símenntun Háskólans á Bifröst fyrir Byggðastofnun 26. október 2015 og sjálfssprotinn kvennahóp, sem allar vinna að verkefnum tengdum samfélagsþróun og sjálfbærni, þann 14. nóvember.

Frekari upplýsingar um FIERE vinnustofurnar á Íslandi veitir: Stefania G. Kristiansdottir, Einurd: [stefania@einurd.is](mailto:stefania@einurd.is).



## Undirbúningur Iokaráðstefnu



# FIERE - Project Conference

*"Public and Community Sectors adapting to change through Innovation & New Ways of Doing Things"*

When?

On Thursday 12<sup>th</sup> November 2015  
From 9.15am - 1.15pm

Where?

At **Brú Ború Cultural Centre, Cashel, Co. Tipperary, Ireland**

**To Register Attendance:**

There is no fee for attending. E-mail Angela Sheehan, Tipperary County Council at

 [angela.sheehan@tipperarycoco.ie](mailto:angela.sheehan@tipperarycoco.ie)

 [www.fiereproject.eu](http://www.fiereproject.eu)

 [facebook.com/fiereproject](https://facebook.com/fiereproject)

 [twitter.com/fiereproject](https://twitter.com/fiereproject)

**"Public and Community Sectors adapting to change through Innovation & New Ways of Doing Things"** er titill alþjóðlegrar lokaráðstefnu FIERE. Þessi hálf dags ráðstefna mun sérstaklega höfða til rannsóknasetra, opinberra stofnana, samfélags- og sjálfbóðaliðasamtaka og einstaklinga sem hafa áhuga á svæða- og samfélagsþróun. Þátttakendur FIERE munu jafnframt taka þátt í ráðstefnunni. Þátttakendur munu fræðast um rannsóknir og verkefni tengd



nýsköpun og breytingarferlum hjá hinu opinbera og öðrum skipulagsheildum sem starfa að svæða- og samfélagsþróun.

Ráðstefnana verður haldin í **Brú Ború Cultural Centre, Cashel, Co. Tipperary, Írlandi ([www.bruboru.ie](http://www.bruboru.ie))** Fimmtudaginn, **12. nóvember 2015 kl. 9.30 - 13.** Ekkert þátttökugjald.

Skráning fer fram með tölvupósti til: Angela Sheehan, Tipperary County Council: [angela.sheehan@tipperarycoco.ie](mailto:angela.sheehan@tipperarycoco.ie).

## Fyrir frekari upplýsingar

 [www.fiereproject.eu](http://www.fiereproject.eu)

 [Facebook](#)

 [Twitter](#)

 [info@fiereproject.eu](mailto:info@fiereproject.eu)

## Samstarfsaðilar

**TCC** - [michael.moroney@tipperarycoco.ie](mailto:michael.moroney@tipperarycoco.ie)

**WIT** - [wogorman@wit.ie](mailto:wogorman@wit.ie)

**CESIE** - [dorothea.urban@cesie.org](mailto:dorothea.urban@cesie.org)

**IPS** - [todorov\\_t@unwe.bg](mailto:todorov_t@unwe.bg)

**AllWeb S.A.** - [jhassid@unipi.gr](mailto:jhassid@unipi.gr)

**ACIB** - [acib@acibarcelos.pt](mailto:acib@acibarcelos.pt)

**EINURD** - [stefania@einurd.is](mailto:stefania@einurd.is)



Lifelong  
Learning  
Programme

Project n. 540477-LLP-1-2013-1-IE-Grundtvig-GMP

Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu. Þetta fréttabréf endurspeglar einungis sjónarmið höfunda og Evrópusambandið ber ekki ábyrgð á því sem hér stendur eða þeim upplýsingum sem stuðst er við.

© 2015 **FIERE**. All rights reserved